

Fimmtudaginn 21. september 1995.

Nr. 246/1995.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Guðmundi Sigurði Þór Lárussyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærvalds með stefnu 30. júní 1995 að ósk ákærða.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp af fulltrúa héraðsdómara Vesturlands. Í dómi Hæstaréttar 18. maí 1995 í málinu nr. 103/1994 var komist að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, . . .“. Með vísan til þess ber að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Vesturlands og vísa því heim í hérað til nýrrar meðferðar.

Áfallinn sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun, eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð máls þessa fyrir Héraðsdómi Vesturlands. Er málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar.

Allur áfallinn sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.